

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Elín Ásgeirsdóttir
Sævarhöfða 6 – 10
112 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2022
UST202202-310/G.F.
08.08.02

**Varðar reglubundið eftirlit þann 1. nóvember 2022 – Malbikunarstöð Höfða hf.
Sævarhöfða 6 -10, Reykjavík**

Þann 1. nóvember sl. fór fram eftirlit í Malbikunarstöð Höfða hf., Sævarhöfða 6 – 10 í Reykjavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. Snúa að því að rekstraraðili sendi stofnuninni uppfærðan lista yfir olúgeyma á svæði stöðvarinnar og eins var bent á að framtíðarnýting lóðanna sem íbúðasvæði hefur í för með sér breytingu á viðmiðunarmörkum fyrir þungmálma, lífræn efnasambönd og sjúkdómsvalda sem leyfileg eru í jarðvegi, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eitt frávik frá kröfum í eftirliti kom fram. Umgengni um efnavöru og hættuleg efni er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi, grein 3.14.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. desember 2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri